



## Fundargerð

401. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 400. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 10. nóvember 2016.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd 5. desember 2016.

##### 2.1 1609007 – Fjárhagsáætlun Reykhólafnar 2017.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

##### 2.2 1612005 – Stofnun athafnalóða á athafnasvæði í Flatey og sölumeðferð.

*Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóða á deiliskipulögðu athafnasvæði. Einnig samþykkir sveitarstjórn að byggingarréttur lóða A1 og A2 verði settur í sölumeðferð. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.3 1612002 – Brekka 139543, stofnun lóða, Brekka 1 og Brekka 2.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

##### 2.3 1505002 – Deiliskipulag, Kvígindisfjörður.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

##### 2.4 1501010 – Deiliskipulag, Kirkjuból.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

##### 2.5 1612006 – Reykhólar 139639 – umsókn um stofnun lóðar, Mávaflöt.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

2.6 1605014 – Hellisbraut 72 – stofnun lóðar fyrir eldsneytisdælur.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

2.7 1509015 – Endurskoðun á áætlun hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

### **3. Stjórn Barmahlíðar 6. desember 2016.**

3.1 1609007 – Fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar 2017.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

## **Mál til afgreiðslu**

### **1. 1612007 - Álagning gjalda í Reykhólahreppi 2017.**

*Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2017 er samþykkt óbreytt frá fyrra ári, 14,52%. Auk 13,28% útsvars eru 1,24% vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.*

*Fasteignaskattur, fráveitu- og vatnsgjald er samþykkt óbreytt frá fyrra ári:*

*Fasteignaskattur A 0,50%*

*Fasteignaskattur B 1,32%*

*Fasteignaskattur C 1,65%*

*Fráveitugjald 0,20%*

*Vatnsgjald 0,50%*

*Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)*

*Sveitarstjórn samþykkir afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega sem eiga lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi, þeir njóti 100% afsláttar af fasteignaskatti af einni íbúð ef árstekjur fara ekki yfir kr. 3.500.000 hjá einstaklingi og kr. 5.000.000 hjá hjónum. Viðmiðunarmörk tekna hækka hjá einstaklingi um kr. 500.000 og hjá hjónum um kr. 1.000.000 frá fyrra ári.*

*Álagning gjalda fyrir árið 2017 samþykkt samhljóða.*

### **2. 1609007 – Fjárhagsáætlun 2017-2020, síðari umræða.**

*Lögð er fram fjárhagsáætlun 2017-2020 til síðari umræðu.*

*Í áætluninni er gert ráð fyrir tekjum kr. 520 millj. í samstæðu A- og B-hluta. Gert er ráð fyrir 297 millj. í laun og 175 millj. í annan rekstrarkostnað, eftir afskriftir og fjármagnsliði er gert ráð fyrir hagnaði að upphæð 28 millj. af samstæðunni árið 2017.*

*Sveitarstjórn gerir smávægilegar breytingar á áætlun við síðari umræðu.*

*Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnamanna hækki ekki skv. síðustu ákvörðun kjararáðs um hækkun þingfararkaups.*

*Fjárhagsáætlun 2017-2020 samþykkt samhljóða.*

### 3. 1612008 – Styrkbeiðnir fyrir árið 2017.

3.1 Handverksfélagið Assa Reykhólahreppi, upplýsingamiðstöð í Króksfjarðarnesi, 7. nóv. 2016.

*Sveitarstjórn samþykkir aukið fjármagn til félagsins árið 2017 í von um frekari styrkingu upplýsingarmiðstöðvar með mikilvæga staðsetningu í sveitarfélaginu og að hægt verði að auka tímabil opnunar og þjónustu upplýsingamiðstöðvar í Króksfjarðarnesi árið 2017. Gert hefur verið ráð fyrir auknu fjármagni í fjárhagsáætlun ársins 2017. Samþykkt samhljóða.*

3.2 Landgræðsla ríkisins, Bændur græða landið, 10. nóv. 2016.

*Sveitarstjórn veitir ekki styrk til verkefnisins árið 2017. Samþykkt samhljóða.*

3.3 Ungmennafélagið Afturelding, frísbílgolfvöllur, 17. nóv. 2016.

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Aftureldingu um 200 þús. kr. árið 2017 í tengslum við uppbyggingu frísbílgolfvallar í þorpinu. Þá gefur sveitarstjórn leyfi fyrir því að frísbílgolfvelli verði komið fyrir í Hvanngarðabrekku í samráði við umsjónarmann fasteigna. Samþykkt samhljóða.*

3.4 Aflið á Akureyri, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, erindi sent 1. des. 2016.

*Sveitarstjórn veitir ekki styrk til Aflsins árið 2017. Samþykkt samhljóða.*

### 4. 1612009 – Viðauki við fjárhagsáætlun 2016.

*Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2016. Í viðauka er gert ráð fyrir auknum launa- og rekstrarkostnaði á árinu 2016, kr. 12 millj. á samstæðu A- og B-hluta. Gert er ráð fyrir auknum tekjum, kr. 12 millj. á A-hluta og 14 millj. á B-hluta, samtals kr. 26 millj.*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2016 samhljóða.*

### 5. 1509016 – Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness, beiðni um umsögn.

Erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 24. október 2016.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur orðið við erindinu og sent athugasemdir til Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn samþykkir formlega sendar athugasemdir sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

### 6. 1610005 – Styrkúthlutun 2016 vegna verndarsvæðis í byggð, samningur.

Erindi og samningur frá Minjastofnun Íslands, dagsett 25. nóvember 2016.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

### 7. 1304033 – Brunavarnaáætlun Reykhólahrepps, áætlun liggur ekki fyrir.

Erindi frá Mannvirkjastofnun, dagsett 7. nóvember 2016.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til slökkviliðsstjóra. Samþykkt samhljóða.*

### 8. 1610016 – Breiðafjarðarnefnd, tilnefning.

Svarbréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis við tilnefningu Reykhólahrepps, dagsett 15. nóvember 2016.

*Í bréfinu kemur fram að sveitarfélögin í kringum Breiðafjörð tilnefni 4 fulltrúa saman, vegna breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar. Sveitarstjóra falið að verða við erindinu í samráði við hin sveitarfélögin við Breiðafjörð. Samþykkt samhljóða.*

#### **Mál til kynningar**

**1. 1509004 – Jarðvarmi á Reykhólum.**

Ýmis gögn frá Atvest.

*Lagt fram og kynnt.*

**2. 1612010 - Stefnumótun Bata- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum.**

*Stefnumótun lögð fram og kynnt.*

**3. 1608002 – Þinggerð haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga.**

*Þinggerð lögð fram.*

#### **Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____